



## Alþýðusamband Íslands

### Til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ

25. júní 2020

#### Efni: 44. þing ASÍ 21. - 23. október 2020

44. þing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 21.–23. október nk. á Hótel Nordica, Reykjavík. Þingið hefst 21. október kl. 10 og því lýkur síðdegis 23. október.

#### Málafni fyrir þingið skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands er helsta viðfangsefni þingsins „**Réttlát umskipti**“. Viðfangsefnið er í hnotskurn: Áskoranir og tækifæri vegna loftslagsbreytinga og nýrrar tækni, hagsmuni vinnandi fólks og verkefni Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar.

Meðfylgjandi eru drög að umræðuskjali fyrir 44. þing ASÍ sem unnið var af málefnanefndum hreyfingarinnar og afgreitt á fundi miðstjórnar 24. júní sl. Réttlát umskipti er leiðarstefið í gegnum umræðuskjalið, en sú nálgun var samþykkt í miðstjórn, 6. maí. Mikilvægt er að aðildarfélögin kynni sér efnið vel og hafi á því skoðun.

Í haust er fyrirhugað að fara hringferð um landið, þar sem málefnið verða rædd við væntanlega þingfulltrúa aðildarfélaganna, stjórnir, trúnaðarráð og áhugasama félagsmenn. Megin tilgangur fundanna er að auðvelda þátttakendum að tjá sig um stefnumótun, kynna viðfangsefnið og dýpka nálgunina og gera fundarfólki kleift að koma með ábendingar og tillögur að áherslum og aðgerðum.

Eins og áður á þingum ASÍ hefur mikil áhersla verið lögð á að virkja alla þingfulltrúa í málefnavinnunni og því mikilvægt að undirbúa vel þá vinnu með því að funda með félagsmönnum aðildarfélaganna.

Málefnanefndir þingsins verða fjórar:

- Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni
- Réttindi á vinnumarkaði og félagsleg vernd
- Menntun til framtíðar
- Réttlátt skattkerfi

Umræðuskjöl og tillögur fyrir málefnaumræðuna á þinginu, bæði þau sem unnin hafa verið í fastanefndum ASÍ og niðurstöður hringferðar í haust, verða síðan lögð fram sem grunngögn til stefnumótunar á þinginu.

**Pappírslaut þing**

Miðstjórn ASÍ samþykkti 2018 að þing sambandsins skyldu vera pappírslaus eftir því sem við verður komið og fljótlega fer heimasíða fyrir þingið í loftið þar sem allt efni verður birt jafnóðum og það er tilbúið í stað þess að dreifa því á pappír. Slóðin á heimasíðu þingsins er <http://www.asi.is/thing2020/>.

**Málefni fyrir þingið frá aðildarsamtökum ASÍ**

Við viljum nota tækifærið til að minna á 24. gr. laga ASÍ þar sem segir m.a.:

*„Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.“*

**Hagnýt atriði**

Um flug vegna þingsins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ, flug vegna þingfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt [Reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa og vegna formannafunda](#). Reglugerðin er á vef ASÍ.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim fyrr en síðar. Alþýðusambandið hefur tekið frá herbergi á Hótel Hilton Nordica og herbergi á Grand Hótel Reykjavík fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Nánari upplýsingar um kostnað og fyrirkomulag bókuunar á þessum hótélum verða birt á heimasíðu þingsins.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótलगistingu á vefnum. Benda má á slóðirnar: <http://www.dohop.is> og <http://www.hotels.com>.

Frekari upplýsingar um þau hagnýtu atriði sem hér hafa verið nefnd verða sendar til aðildarfélaganna síðar ásamt frekari gögnum.

Á [heimsíðu ASÍ](#) má nálgast meðfylgjandi gögn. Þar verða einnig birtar frekari upplýsingar um þingið.

Virðingarfyllt,

*Halla Gunnarsdóttir*

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

- Drög að dagskrá 44. þings ASÍ
- Drög að umræðuskjali fyrir 44. þing ASÍ